**MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ**

Ár 2019, mánudaginn 26. ágúst var haldinn 21. fundur menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.34. Viðstaddir: Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Ellen Jacqueline Calmon, Björn Gíslason, Katrín Atladóttir og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs, Huld Ingimarsdóttir, skrifstofustjóri fjármála og rekstrar á menningar og ferðamálasviði og Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á trúnaðarmerktu 6 mánaða uppgjöri menningar- og ferðamálasviðs janúar til júní 2019. RMF19010003

- kl. 13.35 tekur Katrín Atladóttir sæti á fundinum.

2. Fram fer umræða um trúnaðarmerkt drög að gjaldskrá menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2020. RMF19040001

3. Lagðar fram trúnaðarmerktar tilnefningar Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands að skipan í faghóp vegna styrkja úr borgarsjóði á sviði menningarmála árið 2020. RMF19030006
   Samþykkt. Trúnaðarmál þar til úthlutun styrkja er gerð opinber í janúar 2020.

4. Lagðar fram trúnaðarmerktar tilnefningar Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka verslunar og þjónustu og Bandalags íslenskra listamanna að skipan í faghóp vegna borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Lögð fram trúnaðarmerkt tillaga um tvo fulltrúa menningar- og ferðamálasviðs í faghópunum. RMF19080007
   Samþykkt og færð í trúnaðarbók ráðsins. Trúnaðarmál þar til niðurstaða er gerð opinber í október 2019.

5. Lagðar fram tilnefningar Rithöfundasambands Íslands og Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO í dómnefnd vegna Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur árið 2020. Fram fer umræða um fulltrúa menningar-, íþrótta-og tómstundaráðs í dómnefndinni. RMF18040006
   Frestað.

6. Lagðar fram trúnaðarmerktar tilnefningar STEF, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Félags hljómplötuframleiðenda í faghóp vegna úrbótasjóðs tónleikastaða. Lögð fram tillaga um fulltrúa menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs í faghópnum. RMF19080009
   Samþykkt og færð í trúnaðarbók ráðsins. Trúnaðarmál þar til niðurstaða er gerð opinber um í október 2019.

**Fundi slitið kl. 15:04**

Hjálmar Sveinsson

| | |
|---|---|
| Pawel Bartoszek | Sabine Leskopf |
| Ellen Calmon | Björn Gíslason |
| Baldur Borgþórsson | Katrín Atladóttir |